

Svar

félagsmálaráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um erlent starfsfólk.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu margir karlar og konur með erlent ríkisfang voru starfandi á Íslandi 1. nóvember sl.?*
2. *Hvernig skiptist þessi fjöldi eftir atvinnugeirum (frumvinnsla, iðngreinar, þjónustugreinar)?*
3. *Hvernig skiptust starfandi erlendir ríkisborgarar eftir ríkisfangi?*
4. *Hversu margir starfsmenn hafa verið skráðir mánaðarlega á vegum starfsmannaleigna frá 1. janúar 2005?*
5. *Hvernig skiptust þessir starfsmenn eftir ríkisfangi?*

Við undirbúning þessa svars var upplýsinga aflað frá Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun byggir að hluta til tölur sínar á upplýsingum frá Hagstofu Íslands og samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar tekur þrjá til sex mánuði að safna saman gögnum þannig að unnt sé að birta tölur fyrir einstaka mánuði. Af þeim sökum liggja upplýsingar um tölur frá því í október ekki fyrir. Að mati Vinnumálastofnunar má þó gera ráð fyrir að af þeim 9.000 erlendu ríkisborgurum sem voru starfandi hér á landi á síðasta ári séu um það bil 6.000 enn starfandi hér, ef miðað er við að margir af þessum 9.000 voru ráðnir tímabundið eða á vegum starfsmannaleigna. Frá 1. janúar 2006 til 1. október 2006 er áætlað að um það bil 10.000 erlendir ríkisborgarar hafi komið til starfa á innlendum vinnumarkaði en af þeim hafi 2.772 fengið tímabundið atvinnuleyfi, 2.449 hafi verið skráðir sem nýir á innlendum vinnumarkaði hjá Vinnumálastofnun og sem ríkisborgarar frá nýju aðildarríkjunum að Evrópska efnahagssvæðinu. Frá starfsmannaleigum hafa Vinnumálastofnun borist 1.056 tilkynningar um erlenda starfsmenn. Því má gera ráð fyrir að um 16.000 erlendir ríkisborgarar starfi hér á landi um þessar mundir.

Sundurgreining á bakgrunnspáttum erlendra starfsmanna liggur ekki fyrir en skipting nýrra atvinnuleyfa á tímabilinu janúar til apríl sl. var með eftirfarandi hætti: Frumvinnsla 9%, úrvinnsla 72%; þar af byggingariðnaður 64% og þjónusta 19%. Að mati Vinnumálastofnunar má gera ráð fyrir að svipuð dreifing sé hjá öðrum erlendum ríkisborgurum sem hér starfa en falla utan þess tímabils sem að framan greinir.

Þeir erlendu ríkisborgarar sem hafa komið til starfa hér á landi á þessu ári hafa ríkisborgararétt í eftirfarandi ríkjum:

Póllandi	6.059
Portúgal	781
Litháen	555
Lettland	453
Þýskaland	438
Svíþjóð	294
Danmörk	195

Bretland	176
Tékkland	138
Ítalía	132
Rúmenía	127
Finnland	117
Slóvakía	114
Frakkland	107
Spánn	76
Noregur	59
Kína	42
Indónesía	42
Bandaríkin	40
Holland	38
Austurríki	37
Írland	28
Ungverjaland	27
Eistland	23
Sviss	18
Belgía	16
Önnur lönd	257
Alls	10.389

Skráning á grundvelli laga um starfsmannaleigur, nr. 139/2005, hófst í janúar sl. en lögin tóku gildi 1. sama mánaðar. Í lok máí höfðu 675 starfsmenn verið skráðir á innlendum vinnu-
markaði á vegum starfsmannaleigna en síðan hafa verið skráðir um það bil 100 starfsmenn
á mánuði. Á sama tíma hafa um það bil 20 starfsmenn verið afskráðir en þetta eru starfsmenn
sem ljúka störfum hér á landi. Þegar þetta svar var unnið voru 1.024 starfsmenn skráðir á inn-
lendum vinnumarkaði á vegum starfsmannaleigna en þar af var 861 starfsmaður virkur í lok
október

Skipting þessara starfsmanna eftir ríkisfangi er eftirfarandi:

Gömlu EES-löndin:	
Portúgal	521
Ísland	67
Þýskaland	63
Danmörk	25
Spánn	11
Svíþjóð	5
Noregur	1
<i>Alls</i>	<i>693</i>
Nýju EES-löndin:	
Pólland	173
Litháen	88
Slóvakía	38
Tékkland	27
Ungverjaland	5
<i>Alls</i>	<i>331</i>
EES-lönd alls	1.024